

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1996

4. mars 1996

303

Nr. 147

GJALDSKRÁ vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1996.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1996, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1996 með eindaga 1. maí 1996 verða sem hér segir:

	kr.
1. Röntgenskoðunartæki.	
a. Föst tæki - myndataka.....	12.500
b. Föst tæki - skygging.....	17.500
c. Tölvusneiðmyndataeki	25.000
d. Aukalampar	3.500
e. Færanleg tæki - myndataka	10.000
f. Færanleg tæki - skygging	13.000
g. Tannröntgentæki	7.500
h. Tannröntgentæki - aukataeki	3.750
i. Iónaðarröntgentæki	11.000
j. Dýralækningaröntgentæki	11.000
2. Geislalækningataeki	17.500
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar	15.000
4. Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólanum, fyrir hvern stað	8.000
5. Önnur geislataeki.	
a. Nifteindataeki	30.000
b. Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1. Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.000
2. Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.000
6. Eftirlit með geislaskönnunum starfsfólks.	
a. Filmmælingar, fyrir hverja filmu	400
b. TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukataeki“ enda sé það aðeins notað, þegar aðaltækni bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Hrefna Sigurðardóttir.

7. mars 1996

Nr. 148

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Tollnúmer:				
0407.0000 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	15.03.-31.12.96	ótilgr.	0	77
0404.9000 Annað (mysuduft)	15.03.-31.12.96	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatoll-afgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.